

Nú hefir úrskurði samkvæmt 3. gr. verið áfrýjað, og frestar þá sú áfrýjun eigi 18
skyldu kaupgreiðanda til að halda eftir kaupum eða launum, samkvæmt ákvæðum úr- 28. febr.
skurðarins, eða að greiða það fé til fógeta eða innheimtumanns hans.

7. gr.

Fyrir fógetað þá, er fram fer samkvæmt 2. og 3. gr., skal greiða réttar- og
vottgjöld sem fyrir aðfarargerðir. Gjöld þessi og annan kostnað við gerðina greiði
skattgreiðandi, og má kveða á í úrskurðinum, að þau skuli greidd af kaupum hans eða
launum ásamt skattinum.

8. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað, og er jafnframt úr gildi numin reglu-
gerð nr. 115, 28. desember 1932, um borgun tekju- og eignarskatts til ríkissjóðs af
kaupum skattgreiðanda.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 6, 9. júní 1935, 45. gr. og birtist til
eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 28. febrúar 1938.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

**Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð hjónanna Þorgerðar 19
Jónsdóttur og Guðmundar Jónssonar frá Hornsstöðum í Dalasýslu“, útgefin á 12. marz**
venjulegan hátt 12. marz 1938 að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Þorgerðar Jónsdóttur og Guðmundar Jónssonar,
frá Hornsstöðum í Dalasýslu.

1. gr.

Sjóðurinn skal heita Minningarsjóður hjónanna Þorgerðar Jónsdóttur og Guð-
mundar Jónssonar frá Hornsstöðum.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1000.00 — eitt þúsund krónur —, sem við undirrituð
systkini leggjum fram sem stofnendur nefnds sjóðs, til minningar um foreldra
okkar.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er: Að styrkja fátæka sjúklinga til læknishjálpar í fjórum
hreppum Dalasýslu, sem eru: Hvammssveit, Laxárdalur, Haukadalur og Miðdalir,
enda séu sjúklingar þeir, sem styrksins njóta, ekki á sveitarframfæri, og skulu
afkomendur nefndra hjóna ganga fyrir, að öðru jöfnu.

4. gr.

Verja má allt að hálfum ársvöxtum sjóðsins til styrktar því, sem í 3. gr. segir,
þegar þeir nema 400 kr. Höfuðstólinn má þó aldrei skerða, og skulu hálfir vextir,

19 ásamt gjöfum þeim, sem nefndum sjóði kunna að hlotnast, leggjast við höfuð-
12. marz stóllinn, þar til höfuðstóll sjóðsins er orðinn kr. 50000.00 — fimmtíu þúsund krónur —; eftir það skal $\frac{1}{10}$ hluti ársvaxta leggjast við höfuðstóllinn.

5. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í Sparisjóði Dalasýslu eða öðrum tryggum sjóði.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa 3 menn: Gísli Þorsteinsson, Þorgeirsstaðahlíð, prófastur og héraðslæknir Dalasýslu. Þegar Gísli Þorsteinsson lætur af störfum, skal sýslunefnd Dalasýslu skipa mann í hans stað og skal hann skipaður til þriggja ára í senn.

7. gr.

Stjórn sjóðsins haldi gerðabók fyrir sjóðinn og færi í hann skipulagsskrána, fundarsamþykktir, umsóknir um styrk úr sjóðnum, styrkveitingar og ástæður fyrir þeim og allt annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Sjóðsstjórnin færi enn fremur bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld og færi í hana ársreikning sjóðsins með árituðum athugasemdum endurskoðenda reikninga sjóðsins.

8. gr.

Stjórn sjóðsins annast styrkveitingar og annað honum viðkomandi, semur ársreikning og leggur hann fyrir sýslunefnd Dalasýslu til samþykktar.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið, og skulu reikningar sjóðsins gerðir í janúarmánuði ár hvert.

9. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari, og óskast skipulagsskráin birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Akranesi, 20. febrúar 1938.

Steinunn Guðmundsdóttir.

Ólafur Guðmundsson.

Jón Kr. Guðmundsson.

20

21. marz

AUGLÝSING

um framkvæmd 6. gr. laga nr. 71 31. des. 1937, um bráðabirgðatekjuöflun
ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga.

Hér með er auglýst, að ráðuneytið hefir samþykkt að nota heimild 6. gr. laga nr. 71 31. des. 1937, til þess

- a) að falla frá innheimtu á aðflutningsgjöldum af salti frá 1. apríl n.k. til áramóta, og endurgreiða aðflutningsgjöld af salti, sem flutt hefir verið hingað til lands eftir síðustu áramót,
- b) að endurgreiða fiskveiðagufuskipum vörutoll af kolum, sem þau nota til fiskveiða í salt á næstu saltfiskvertíð. Endurgreiðslur þessar fara fram að lokinni vertíð, en nánar verður auglýst síðar hvaða skilríki þarf að hafa til þess að fá vörutollinn endurgreiddan.

Samkvæmt síðustu málsgrein 6. gr. ofanefndra laga, verður 11% viðaukinn, sem innheimtur hefir verið samkvæmt 5. gr. laganna, hækkaður upp í 12% frá 1. apríl n.k. að telja.

Fjármálaráðuneytið, 21. marz 1938.

Eysteinn Jónsson.

Einar Bjarnason.